



## Aðgengi fyrir alla á leikvöllum

Sumarið er tími framkvæmda. Víða um land eru sveitarfélög að setja upp nýja leikvelli fyrir börn eða endurnýja eldri opin leiksvæði eða skólalóðir. Er um dýrar framkvæmdir að ræða enda er oftast lögð töluverð vinna í hönnun leiksvæðana, jarðvegsvinnu, endurnýjun gróðurs og yfirborðsefna og kaup á leiktækjum.

Við endurnýjun leiksvæða gleymst því miður alltof oft að gera ráð fyrir þörfum fatlaðra barna við hönnun þeirra. Til dæmis er algengt að settir séu upp kantsteinar til að afmarka leiksvæði. Myndar það hæðarmun sem skapar slyshættu fyrir hreyfihömluð og sjónskert börn og torveldar aðgengi barna í hjólastólum. Þá er algengt að settir séu upp kastalar eða önnur leiktæki sem útilokað er að börn með hreyfihömlun eða skert jafnvægi geti komist upp í án aðstoðar þar sem klifra þarf upp í tækið í stað þess að ganga upp hefðbundin stiga með handriði eða að hægt sé að nota í hjólastól.

Í mörgum tilvikum eru mól og gras notað sem undirlag á leiksvæðum. Torveldar það för barna með skert jafnvægi og barna í hjólastólum um svæðið. Einnig vantar oft töluvert upp á að hugað sé að litavali á undirlagi og leiktækjum, sérstaklega þeim leiktækjum sem hreyfast, til að auðvelda sjónskertum börnum að sjá tækin og nota þau. Auk þess gleymist gjarnan að setja upp borð og bekki þannig að börn með skerta hreyfigetu geti sest niður og hvílt sig.

Í bókinni Aðgengi fyrir alla, handbók um umhverfi og byggingar, sem Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins gaf út má finna kafla um leiksvæði og hvernig tryggja má gott aðgengi fyrir öll börn, fötluð sem ófötluð, að þeim. Einnig er hér á landi hægt að kaupa margs konar vottuð útileiktæki sem hönnuð eru fyrir hreyfihömluð börn og börn í hjólastólum sem nýtast einnig ófötluðum börnum fullkomlega. Öll þekking og aðföng til að tryggja aðgengi fyrir alla að leikvöllum og skólalóðum er því staðar. Má því velta fyrir sér hvers vegna sveitarfélögin taka ekki meira tillit til þarfa fatlaðra barna við hönnun og endurnýjun leiksvæða og skólalóða, sér í lagi þar sem ætla má að kostnaður við að tryggja aðgengi fyrir alla að leikvöllum og skólalóðum sé óverulegur ef gert er ráð fyrir aðgengi fyrir alla strax við hönnun leikvallanna og val á leiktækjum.

Við hvetjum Garðabæ til þess að taka tillit til hreyfikertra þegar verið er að endurnýja eða setja upp ný leiksvæði.

Virðingarfyllt,

Sigurður Hólmar Jóhannesson

Halldóra Inga Ingileifsdóttir

Hagsmunahópur Góðvildar